

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs**

**annars vegar**

**og**

**Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

**hins vegar**

**gera með sér svofellt**

**S A M K O M U L A G**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.**

**Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2017 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**

**Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1.04. 2018 Laun hækka um 2,21%.
- 1.04. 2018 Eingreiðsla, 86.000 kr. greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf í mars 2018 og hlutfallslega miðað við starfshlutfall.
- 1.06. 2018 Laun hækka um 2,0%.
- 1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr. greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

**3. gr.**

**Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

- Á árinu 2017 86.000 kr.
- Á árinu 2018 89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

- Á árinu 2018 48.000 kr.

## 4. gr.

### 1.5 Yfirvinna

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum miðað við það launaprep er starfsmaður tekur laun eftir. Yfirvinna telst öll vinna umfram umsamda vinnuskyldu, sbr. gr. 2.1.1 og nánari útfærslu á vinnutíma í stofnanasamningi, svo og öll vinna sem unnin er á almennum frídögum og sérstökum frídögum sbr. gr. 1.5.2.

Heimilt er að framlengja æfingu um allt að hálfra klst. án fyrirvara en um heila klst. með sólarhrings fyrirvara – hvorutveggja gegn yfirvinnugreiðslu. Lengri yfirvinnueiningar sem og aðrar yfirvinnuboðanir fást, með samþykki SMFSÍ (sjá bókun 1 með samningi þessum), og skulu birtast í mánaðarlegri starfsáætlun með réttum fyrirvara. Hver byrjaður hálf tími í framlengdri þjónustu hefst með fimm mínútna hléi.

## 5. gr.

Ný grein um álagsgreiðslur kemur inn í 1. kafla kjarasamningsins og um leið breytist númer á grein um persónuuppbót í desember og verður hún nú nr. 1.7.

Um leið og farið verður að greiða álag fyrir vinnu um kvöld og helgar falla niður sérstakar greiðslur vegna vinnu á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum sem fellur innan vinnuskyldunnar sem nemur kr. 7.000 fyrir hvern dag og kr. 10.500 á stórhátíðardögum skv. bókun 2 í kjarasamningi dags. 2. nóvember 2011.

### 1.6 Álagsgreiðslur

1.6.1 Álag reiknast af dagvinnukaupi, sbr. gr. 1.4.1.

Álag skal vera:

33,33% kl. 17:00-24:00 mánudaga til fimmtudaga

55,00% kl. 17:00-24:00 föstudaga

55,00% kl. 00:00-08:00 mánudaga til föstudaga

55,00% kl. 00:00-24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga, sbr. gr. 1.5.2

90,00% kl. 00:00-24:00 stórhátíðardaga, sbr. gr. 1.5.3.

Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

## 6. gr.

Ný grein:

### 9.4 Framlag til BHM

9.4 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til BHM er nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna. Fjármunum þeim skal verja til eflingar hagfræðilegrar greiningar, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna aðildarfélag BHM.

## 7. gr.

### Atkvæðagreiðsla og sammingsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 4. maí 2018 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 23.apríl 2018

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra  
með fyrirvara um samþykki

F.h. Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar  
Íslands, með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna

*Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)*

*Margrét Þorsteinsdóttir (sign.)*

*Stefanía S. Bjarnadóttir (sign.)*

*Hrafnkell Orri Egilsson (sign.)*

*Sara Lind Guðbergsdóttir (sign.)*

*Emil Friðfinnsson (sign.)*

**Bókanir með samkomulagi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
og  
Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands  
23. apríl 2018**

**Bókun 1**

BHM á ekki aðild að rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins er undirritað var þann 27. október 2015, ásamt síðari breytingum. Komi til þess á gildistíma kjarasamnings þessa að BHM undirgangist skilyrði og skuldbindingar þær er rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins felur í sér mun kjarasamningur þessi taka breytingum í samræmi við fyrrgreint samkomulag og forsendur þess. Það felur m.a. í sér að aðilar undirgangast sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og þá framtíðarsýn um meginstoðir nýs íslensks samningalíkans er þar næst samkomulag um.

**Bókun 2**

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Náist samkomulag um slíkt samstarf fyrir 30. apríl 2018 skal komið á fót nefnd sem falið verður að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.

Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrrsjáanlegum hætti.

Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.

Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.

Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2018.

**Bókun 3**

Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með tveimur fulltrúum ríkis, þremur fulltrúum aðildarfélaganna BHM og einum fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar *ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi* um stofnanasamningsgerð. Eigi síðar en fjórum vikum eftir samþykkt samninga skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í stýrihópinn og skulu fulltrúar BHM boða til fyrsta fundar.

Markmiðið er að auka gæði stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og samstarfsnefnda með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu. Í því felst t.d. að bæta verklag við flokkun starfa, gerð starfslýsinga og virka starfsþróun.

Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri bandalög/stéttarfélög auk þess að sækja um styrki til sjóða á vegum sammingsaðila.

#### **Bókun 4**

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs við fleiri bandalög/stéttarfélög um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Náist samkomulag um slíkt samstarf fyrir 30. apríl 2018 skal komið á fót nefnd sem falið verður að endurskoða kaflann heildstætt. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

#### **Bókun 5**

Sammingsaðilar telja nauðsyn á framþróun í vinnutímakerfum hjá ríkisstofnunum og skv. tímanna tákni þurfi að skoða þau í ljósi bestu aðferða sem þekktar eru innan opinbera geirans hjá nágrannaþjóðum. Í þeim tilgangi eru aðilar ásáttir um að fá sérfræðing á þessu sviði til að vinna að rannsókn eða samantekt til að draga fram nýjungar og þekkingu á þessu sviði fyrir sammingsaðila.

Til þessa verks verði ráðinn sérfræðingur sem hafi frjálssar hendur til að vinna að slíkri skoðun og setja fram hvernig nýjungar á þessu sviði hafa áhrif á lífsgæði starfsmanna og heilbrigði vinnustaða.

Þessi skoðun verði kostuð af ríkinu og kostnaðarramminn verði kr. 5 milljónir. Verkið verði unnið á samningstímabilinu og að einhverju leyti tengt bókun 4.

#### **Bókun 6**

Lagðar verða til allt að 200 milljónir kr. í þeim tilgangi að draga úr mönnunar- og nýliðunarvanda stofnana og lagfæra lægstu laun í stofnanasamningum. Aðilar eru ásáttir um eftirfarandi útfærslur:

Frá 1. janúar 2018 skulu mánaðarlaun starfsmanna skv. gr. 1.1.1 ekki vera lægri en kr. 417.409-. Þeim starfsmönnum sem fá greidd mánaðarlaun undir þeirri fjárhæð skal raðað í sérstakan launaflokk (launatölu) utan eiginlegrar launatöflu, sem er 417.409- og breytist skv. launahækkun 1. júní 2018. Sama gildir um þá sem ráðnir verða eftir 1. febrúar 2018.

Þessi aðgerð skal ganga framar ákvæðum stofnanasamninga um lægri launasetningu, en einungis gilda þar til launasetning skv. stofnanasamningi verður hærri fyrir viðkomandi starfsmann en nemur þessari upphæð.

Launasetning skv. ofangreindu hefur ekki áhrif á röðun annarra starfsmanna.

Þessi bókun tekur ekki til þeirra sem starfa að rannsóknum og starf þeirra er fyrst og fremst metið sem nám til háskólagráðu.

Það fjármagn sem eftir stendur (áætlað um 100 milljónir kr.) skiptist milli aðildarfélaga BHM skv. viðauka 1. Fjármagn þetta skal vistað á sérstökum safnlið og millifært til viðeigandi aðila þegar fyrir liggur niðurstaða um útfærslu. Sú ráðstöfun er þá varanleg hækkun á launagrunni viðkomandi einingar.

### **Bókun 7**

Aðilar eru sammála um að fram að næstu samningsgerð verði unnið að endurskoðun á 1. og 11. kafla kjarasamningsins. Sú endurskoðun skal unnin af vinnuhópi skipuðum fulltrúum ríkis og fulltrúum aðildarfélaga BHM. Eigi síðar en fjórum vikum eftir samþykkt samninga skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í vinnuhópinn og skulu fulltrúar BHM boða til fyrsta fundar. Vinnuhópurinn skilgreinir nánar viðfangsefnið og verklag.

### **Bókun 8**

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega, ásamt framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, að endurskoðun stofnanasamnings á samningstímanum. Við þá endurskoðun verði launasetning skoðuð með tilliti til meðallauna BHM. Þá verði greiðslur úr Viðhalds- og endurnýjunarsjóði skoðaðar, grein í kjarasamningi um breytingu á stöðu rædd sem og samkomulag um beinar útsendingar frá 26. ágúst 1988 auk þess sem útfærsla á vinnutíma verði til umfjöllunar.

### **Bókun 9**

Samningsaðilar eru sammála um að fyrri málsliður í bókun 2 í kjarasamningi aðila frá 2. nóvember 2011 haldi gildi sínu. Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands hyggst höfða mál fyrir Félagsdómi vegna mismunandi túlkunar samningsaðila á inntaki bókunarinnar. Með undirritun samnings þessa fyrirgerir Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands ekki rétti sínum til að fá skorið úr þessum ágreiningi fyrir dómstólum.

**Viðauki 1**  
**við samkomulag**  
**fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs**  
**annars vegar og**  
**Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands**  
**hins vegar**  
**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**  
**undirrituðu 23.apríl 2018**

Dreifing fjármagns  
skv. bókun 6.

	Stöðugildi í október 2017	Fyrri aðgerð (417.409 kr.)	Seinni aðgerð (100m. skipt eftir hlutfalli stöðugilda í 07-10 lífl)	Samtals fjárhæð úr bókun 6
SMFSÍ	87	0	2.085.698	<b>2.085.698</b>

## *Fylgiskjal 1*

Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands

### **Launatafla tekur gildi frá 1. apríl 2018:**

	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>
<b>1</b>	325.806	333.951	342.096	350.241	358.386	366.531	374.676	382.821	390.967
<b>2</b>	342.096	350.649	359.201	367.754	376.306	384.858	393.410	401.962	410.515
<b>3</b>	359.201	368.181	377.161	386.141	395.120	404.101	413.081	422.061	431.041
<b>4</b>	377.161	386.590	396.019	405.448	414.877	424.306	433.735	443.164	452.593
<b>5</b>	396.019	405.919	415.820	425.720	435.621	445.521	455.421	465.322	475.222
<b>6</b>	415.820	426.216	436.610	447.006	457.402	467.797	478.193	488.588	498.984
<b>7</b>	436.610	447.526	458.441	469.356	480.272	491.188	502.103	513.018	523.933
<b>8</b>	458.441	469.902	481.363	492.825	504.286	515.747	527.207	538.668	550.130
<b>9</b>	481.363	493.397	505.432	517.466	529.500	541.534	553.568	565.602	577.636
<b>10</b>	505.432	518.068	530.703	543.339	555.974	568.611	581.247	593.882	606.518
<b>11</b>	530.703	543.971	557.239	570.506	583.773	597.041	610.308	623.576	636.844
<b>12</b>	557.239	571.169	585.100	599.031	612.963	626.893	640.824	654.755	668.686
<b>13</b>	585.100	599.727	614.356	628.983	643.610	658.238	672.865	687.493	702.120
<b>14</b>	614.356	629.714	645.073	660.432	675.791	691.149	706.508	721.867	737.226
<b>15</b>	645.073	661.200	677.326	693.454	709.581	725.707	741.834	757.961	774.087
<b>16</b>	677.326	694.259	711.193	728.126	745.060	761.993	778.926	795.859	812.792
<b>17</b>	711.193	728.973	746.752	764.533	782.312	800.092	817.872	835.652	853.432
<b>18</b>	746.752	765.421	784.091	802.759	821.428	840.097	858.765	877.434	896.103

### **Launatafla tekur gildi frá 1. júní 2018:**

	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>
<b>1</b>	332.322	340.630	348.938	357.246	365.554	373.862	382.170	390.478	398.786
<b>2</b>	348.938	357.662	366.385	375.109	383.832	392.556	401.279	410.002	418.726
<b>3</b>	366.385	375.544	384.704	393.864	403.023	412.183	421.342	430.502	439.662
<b>4</b>	384.704	394.322	403.939	413.557	423.174	432.793	442.410	452.027	461.645
<b>5</b>	403.939	414.037	424.136	434.234	444.333	454.432	464.530	474.629	484.727
<b>6</b>	424.136	434.740	445.343	455.946	466.550	477.153	487.756	498.360	508.964
<b>7</b>	445.343	456.477	467.610	478.744	489.877	501.011	512.145	523.278	534.411
<b>8</b>	467.610	479.300	490.990	502.681	514.371	526.061	537.752	549.442	561.133
<b>9</b>	490.990	503.265	515.540	527.815	540.090	552.365	564.640	576.914	589.188
<b>10</b>	515.540	528.429	541.317	554.206	567.094	579.983	592.872	605.760	618.649
<b>11</b>	541.317	554.850	568.383	581.916	595.449	608.982	622.514	636.048	649.581
<b>12</b>	568.383	582.592	596.802	611.012	625.222	639.431	653.640	667.850	682.060
<b>13</b>	596.802	611.722	626.643	641.563	656.482	671.402	686.322	701.243	716.163
<b>14</b>	626.643	642.308	657.974	673.641	689.307	704.972	720.638	736.305	751.971
<b>15</b>	657.974	674.424	690.873	707.323	723.772	740.222	756.671	773.120	789.569
<b>16</b>	690.873	708.145	725.416	742.688	759.961	777.233	794.505	811.776	829.048
<b>17</b>	725.416	743.552	761.687	779.824	797.959	816.094	834.230	852.365	870.501
<b>18</b>	761.687	780.729	799.773	818.815	837.857	856.899	875.941	894.983	914.025